



VEIÐIMÁLASTJÓRI

Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7
110 Reykjavík, Iceland
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850
Netfang: veidimalastjorn@veidimalastjori.is

Hr. Hjálmar Jónsson formaður
Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi, 150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1395
komudagur 13.3.2001

11. mars 2001

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, 389. mál, rekstrarleyfi, fiskeldisnefnd og fl.

Í bréfi dagsettu 21. febrúar er leitað umsagnar varðandi breytingu á ákvæðum laga um lax- og silungsveiði varðandi fiskeldismál. Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið í núverandi mynd:

Athugasemdir við 3. grein: Rekstrarleyfi

Í 4. mgr. 3. greinar sé bætt inn í 2. mgr. á eftir “leyfilegar tegundir í eldi”, kröfu um notkun geldstofna, “leyfilegt framleiðslumagn..etc”.

5. mgr. verði breytt þannig að rekstrarleyfi gildi frá útgáfu en sé háð úttekt og viðurkenningu dýralæknis fisksjúkdóma og veiðimálastjóra á eldisbúnaði.

Athugasemdir við 5. gr: Eftirlit og fleira

Þegar hafa verið unnar verulegar umbætur á b. lið (75. gr.) í samráði við lögfræðing landbúnaðarráðuneytis, sem berast munu til nefndarinnar.

Í e. lið þarf að bæta inn á eftir “örmerkingar á hluta af eða öllum laxaseiðum í kvíaeldi”, notkun geldstofna í eldi, fôðurnotkun..etc.

Athugasemdir við 7. gr: Fiskeldisnefnd.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu má segja að fiskeldisnefnd sé í eðli sínu stjórnarsýsluleg samræminganefnd og komi til með að hafa það meginhlutverk að hafa samráð og samræma stjórnarsýslu, eftirlit og gagnasöfnun landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis. Í nefndinni eiga því að sitja fulltrúar þeirra aðila, sem gefa út rekstrarleyfi og sinna eftirliti.

Ef frumvarpið verður óbreytt varðandi útgáfu rekstrarleyfa fyrir laxfiska á vegum landbúnaðarráðuneytis (389.mál) og á vegum sjávarútvegsráðuneytis (361. mál) fyrir sjávardýr er eðlilegt að í fiskeldisnefnd sitji eftirtaldir aðilar: Fulltrúi landbúnaðarráðuneytis (formaður, rekstrarleyfi laxfiska), fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis (rekstrarleyfi sjávarfiska), fulltrúi veiðimálastjóra (eftirlit með eldi laxfiska), fulltrúi Fiskistofu (eftirlit með eldi sjávarfiska). Hér er því lagt til að fulltrúi Fiskistofu komi í stað fulltrúa Hafrannsóknastofnunar. Þar sem Fiskistofa sinnir almennu veiðieftirliti í sjó og embætti veiðimálastjóra eftirliti með veiðum í netlögum gæti þessi samstarfsvettvangur nýst í tengslum við fleiri málefni tengd veiðimálum og stjórnarsýslu sjávarfiska.

Vissulega má hugsa sér fleiri stjórnarsýsluaðila sem setið gætu í þessari nefnd vegna stjórnarsýslu og eftirlitshlutverka t.d. embætti dýralæknis fisksjúkdóma, sem fer með heilbrigðiseftirlit allra eldisfiska og Hollustuvernd ríkisins, sem gefur út öll starfsleyfi í fiskeldi. Innsetning þessarra aðila tryggir hinsvegar ekki jafna skiptingu nefndarinnar milli landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis, sem virðist vera eitt af markmiðunum með samsetningu aðila í nefndinni. Einnig mætti hugsa sér, að rannsóknastofnanir, svo sem Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun ættu fulltrúa í nefndinni, sem stundum gæti verið styrkur fyrir hana, en e.t.v. óhagstætt fyrir hlutleysi rannsóknastofnananna, einkum ef upp koma viðkvæm deilumál, sem hingað til hafa verið áberandi varðandi fiskeldismál.

Almennar athugasemdir

Almennt má segja, að sá aðskilnaður á stjórnsýslu fiskeldis eftir uppruna tegunda, eins og lagt er til í 361. máli og 389. máli sé ekki æskilegur og komi til með að orsaka tvíverknað og skort á samhæfingu á ýmsum sviðum innan fiskeldis. Þannig er t.d. gagnasöfnun fyrir fiskeldisframleiðslu, fæðnotkun og fl. nú lögbundin á vegum embættis veiðimálastjóra. Óheppilegt og óhagkvæmt væri ef margir aðilar stæðu fyrir slíkri gagnasöfnun. Einnig væri óheppilegt ef samræmingu vantaði varðandi leyfisveitingar í fjörðum umhverfis landið.

Þessi tvískipting stangast einnig á við þá umræðu, sem nú er ofarlega á baugi, um sameiningu allrar matvælastjórnsýslu hér á landi í eina stofnun en hún er nú í þremur ráðuneytum. Stjórnsýsla í fiskeldi hefur hingað til verið í einu ráðuneyti, þ.e. landbúnaðarráðuneyti og þar er líka að finna heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum, þekkingu í fæðurgerð, kynbótum og eldi annarra dýra. Æskilegra væri, að allt eldi yrði undir einu ráðuneyti og síðar mætti gera breytingar á forsjá, ef það teldist af einhverjum ástæðum bráðnauðsynlegt.

Til að sinna þeim störfum, sem felast í þeim breytingum sem hér eru lagðar til, þyrfti hinsvegar að styrkja stjórnsýslustofnanir í fiskeldi á vegum landbúnaðarráðuneytis verulega, bæði varðandi mannskap og fjármuni. Þannig er ófullburða eftirlit verra en ekki neitt. Þótt til komi greiðslur samkvæmt gjaldskrá vegna rekstrarleyfa og eftirlits með rekstri eldisstöðva, er ljóst að þær standa ekki undir grunnaunum þeirra aðila, sem því þurfa að sinna.

Ástæða er til að benda á, að tilvist og gagnsemi Fiskeldisnefndar er óháð því, hvort eldi sjávarfiska er skilið frá eldi laxfiska. Slíkur samráðsvettvangur er raunar bráðnauðsynlegur þegar eldi sjávarfiska vex fiskur um hrygg, þótt öll stjórnsýsla væri á hendi stofnana innan landbúnaðar.

Virðingarfyllst



Árni Ísaksson, veiðimálastjóri